



Reykjavík, 5. janúar 2022

Til Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar

Í framhaldi af bréfaskiptum okkar vegna úrskurðar Persónuverndar vil ég áréttta eftirfarandi:

Til að skýra betur sýn mína á úrskurð Persónuverndar þá kom hann mér vissulega mjög á óvart. Ég er sammála því mati sóttvarnalæknis að umrædd rannsókn og vinnsla persónuupplýsinga (blóðsýnataka) hafi verið hluti af opinberum sóttvarnaráðstöfunum, enda var hún unnin að beiðni sóttvarnalæknis og með Landspítalanum. Rannsóknina ber að skoða í ljósi aðstæðna í samfélaginu á þessum tíma þar sem unnið var í kapphlaupi við tímann til að afla frekari gagna og upplýsinga um veiruna og afleiðingar hennar sem voru síðan undirstaðan fyrir alla ákvarðanatöku um opinberar sóttvarnaráðstafanir.

Með vinsemd,

A handwritten signature in blue ink, reading "Kári Stefánsson". The signature is written in a cursive, flowing style.